

Alþingi
Erindi nr. P 140/2196
komudagur 8.S. 2012

Reykjanes

Palli Gardarsson [pallipilot@gmail.com]

Sent: 8. maí 2012 20:26

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Eg, Jón Páll Garðarsson 100763-3899, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælu og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og byggða á Suðurnesjum og íbuar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfóttinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömu leiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.